

## Leiga á Fossá 2020

### Efni: Beiðni um afslátt á leigu á Fossá árið 2020.

Sæll Kristófer og þeim sem málið varðar.

Í framhaldi af samtali okkar um daginn um beiðni á niðurfellingu að hluta, á greiðslu á leigugjöldum fyrir Fossá árið 2020, vegna óvissu og Covid 19 á þessum fordómalausum tímum. Þá lítur út fyrir að fáir eða nánast engir erlendir veiðimenn komi í ána í sumar og Íslendingar halda að sér höndum. Þeir erlendu veiðimenn sem þegar hafa pantað veiðileyfi eru ekki búnir að borga neitt og eru í óvissu um framhaldið þar sem það er óvíst hvort þeir vilji eða megi ferðast til landsins. Íslendingar eru líka mjög óvissir og bíða eftir að veiðileyfin fari á tilboð í sumar enda verður framboðið svakalegt. Stórir hópar eru að afpanta út um allt land og einnig hjá mér.

Það eru fregnir af því að bændur og aðrir veiðileyfasalar eru að endursemjja fyrir árið 2020. Það var t.d. gefin 50% afsláttur á leigunni í Reykjadalssá í Aðaldal og lækkaði veiðileyfin um 50%. Bændur og veiðiréttareigendur eru flestir að koma til móts við leigutaka fyrir árið 2020. T.d. eru verið að semja einhverskonar niðurgreiðsu í Miðfjarðará, Ytri Rangá og víðar.

Vona að þið sýnið mér skilning um ástandið komið á móts við mig með lækkun á leigu fyrir árið 2020 30 til 50 % lækkun á leigu og smá frest til að borga leiguna. Væri gott að fá 2 mánaðarfrest til að borga. Svo þegar ástandið lagast þá fer leigan í umsamið verð.

Dags. 04.05.2020

Undirritun meirihluta stjórnar (nafn og kennitala)

Fyrir hönd Fly fishing in Iceland.

Guðmundur Atli Ásgeirsson

---

---

---

